

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/703 frá 26. maí 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetóat og ómetóat í eða á kirsuberjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/749 frá 4. júní 2020 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórat í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/770 frá 8. júní 2020 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir mýklóbútáníl, naprópamíð og sintófen í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/785 frá 9. júní 2020 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir krómafenósíð, flúómetúrón, pensýkúrón, sedaxan, táflúvalínat og tríasoxíð í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/856 frá 9. júní 2020 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról, sýasófamíð, sýpródiníl, fenyroxímat, flúdíoxóníl, flúxapýroxað, imasalíl, ísófetamíð, kresoxím-metýl, lúfenúrón, mandíprópamíð, própamókarb, pýraklóstróbín, pýríófenón, pýriproxýfen og spínétoram í eða á tilteknum afurðum ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 164, 27.5.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 178, 8.6.2020, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 184, 12.6.2020, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 190, 16.6.2020, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 9.

- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki eiga við að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 7) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 R 0703**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/703 frá 26. maí 2020 (Stjtíð. ESB L 164, 27.5.2020, bls. 1),
- **32020 R 0749**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/749 frá 4. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 178, 8.6.2020, bls. 7),
- **32020 R 0770**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/770 frá 8. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 184, 12.6.2020, bls. 1),
- **32020 R 0785**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/785 frá 9. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 190, 16.6.2020, bls. 1),
- **32020 R 0856**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/856 frá 9. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 9).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 R 0703**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/703 frá 26. maí 2020 (Stjtíð. ESB L 164, 27.5.2020, bls. 1),
- **32020 R 0749**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/749 frá 4. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 178, 8.6.2020, bls. 7),
- **32020 R 0770**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/770 frá 8. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 184, 12.6.2020, bls. 1),
- **32020 R 0785**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/785 frá 9. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 190, 16.6.2020, bls. 1),

– **32020 R 0856**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/856 frá 9. júní 2020 (Stjtíð. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 9).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2020/703, (ESB) 2020/749, (ESB) 2020/770, (ESB) 2020/785 og (ESB) 2020/856, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.